

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 18/96
frá 26. mars 1996

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
38/94 frá 15. desember 1994⁽¹⁾.

Sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB frá 7. júlí 1995 um nauðsynlegar
efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (fimmta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/73/EBE)
í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „7. 395 L 0032: Sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB frá 7. júlí 1995 um
nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara (Stjtið.
EB nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 20).“.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 20.

Fullgiltur texti sjöttu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner